

1
20. jan.

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, um flutning þingstaðar.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi dags. 30. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Breiðuvíkurbreppi, veitir ráðuneytið hjermeð samþykki sitt til þess að þingstaður Breiðuvíkurbrepps verði fluttur frá Hellnum að Arnarstapa, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

2
25. febr.

Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, til sýslumannsins í Árnassýslu, um framfærslu óskilgetins barns ef móðurinn missir íslenskan ríkisborgararjett.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefir skotið til ráðuneytisins úrskurði yðar, herra sýslumaður, ódagsettum en feldum á tímabilinu frá 28. des. f. á. til 5. febr. þ. á., er ákveður, að Villingaholtshreppur skuli sýkn af kröfu Stokkseyrarhrepps um endurgreiðslu meðlags með stúlkubarninu Áslaugu Öldu Alfreðsdóttur.

Barn þetta, sem hefir verið á fóstri í Ásgarði í Stokkseyrarbreppi, er fætt í Vestmannaeyjum 25. sept. 1916 og er óskilgetin dóttir Alfreðs nokkurs Bernharðssonar og Önnu Jónasdóttur fyrverandi þurfalings Villingaholtshrepps, enda var barnið á meðgjöf frá þessum hreppi þar til hann skoraðist undan að greiða eftir 7. júlí 1924, en þenna dag giftist móðirin finskum manni, Franz Tuomikowsky að nafni, og fluttist í sama mánuði með honum og sameiginlegum börnum þeirra alfarin úr landi. Eftir giftingardag móðurinnar hefir hreppsnefnd Villingaholtshrepps talið hreppinn lausan við framfærslu nefndrar Áslaugar Öldu, og ber í því efni fyrir sig 38. gr. fátækralaganna.

Það er vitanlegt í þessu máli, að nefndur Franz Tuomikowsky var ekki ríkisfastur hjer og misti því Anna Jónasdóttir við giftinguna og sameiginleg ósjálfráða börn þeirra ríkisfang og framfærslurjett hjer á landi. En um Áslaugu Öldu var því ekki svo farið, því hún hjelt ríkisfangi sínu samkvæmt 7. gr. laga nr. 21/1919, um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa, og á framfærsluskyldu Villingaholtshrepps gagnvart þessu barni varð